



## Fundargerð

### *Aðalfundur*

Aðalfundur Norðurár bs. haldinn í félagsheimilinu Fellsborg Skagaströnd,  
fimmtudaginn 12. júlí 2012, kl. 15.00

Mætt voru stjórn Norðurár bs; Magnús B. Jónsson, Gísli Árnason, Eiríkur Hauksson  
og Fannar Viggósson, starfsmaður Norðurár bs.

Adolf H. Berndsen frá Sveitarfélaginu Skagaströnd

Ágúst Þór Bragason frá Blönduósbæ

Bjarni Jónsson og Margeir Friðriksson frá Sveitarfélaginu Skagafirði

og endurskoðandi félagsins Kristján Jónasson, KPMG

Dagskrá:

1. Fundarsetning, kosning fundarstjóra og ritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Ársreikningur 2011
4. Kosning stjórnar og endurskoðanda
5. Tillaga um fjárfesingu í stækkun urðunarhólfs
6. Önnur mál


#### **1. Fundarsetning, kosning fundarstjóra og ritara**

Formaður, Magnús B. Jónsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Samþykkt  
tillaga formanns um Adolf H. Berndsen sem fundarstjóra og Gísla Árnason ritara

#### **2. Skýrsla stjórnar**

Formaður félagsins flutti skýrslu stjórnar þar sem fjallað var um helstu þætti í rekstri  
og fjárfestingum félagsins á árinu 2011 og verkefnum stjórnar félagsins á því ári og  
það sem liðið er af árinu 2012. Eitt af verkefnum stjórnar var að ganga frá  
viðbótarsamningi við eigendur Sölvabakka um urðun, þar sem heimilað er að urða  
sláturúrgang og dýrahæ. Með samningnum opnast möguleiki til urðunar á lífrænum  
úrgangi, sem ekki hefur verið heimilt að taka við.

Fundarstjóri lagði til að umræður um skýrsluna væru teknar með umræðum um  
ársreikning félagsins væru.



### 3. Ársreikningur 2011

Kristján Jónasson skýrði ársreikning félagsins fyrir árið 2011.

Rekstrartekjur ársins kr. 72.793.258, rekstargjöld kr. 36.729.980 og fjármagnsgjöld kr. 28.426.810. Hagnaður ársins kr. 7.636.468.

Eignir félagsins kr. 319.199.423 og skuldir kr. 318.568.679. Eigið fé kr. 630.744

Handbært fé frá rekstri kr. 24.244.999 og handbært fé í lok árs kr. 32.413.600

Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning:

Bjarni Jónsson spurði um magn sorps með tilliti til svæða og hvort ekki hafi hafi verið unnt að hafa lokað útboð í framkvæmdir við stækkun urðunarhólfsins. (Sjá 5. lið dagskrár)

Formaður gerir ráð fyrir að samsetning á sorpi sé bæði svæðis- og árstíðabundin.

Varðandi útboð framkvæmda þá var það skortur á verktökum á svæðinu, sem gætu unnið verkið, sem olli því að ekki var grundvöllur fyrir lokað útboð.

Ágúst Þór Bragason spurði um framkvæmd urðunarsamnings við Eyfirðinga, hvort urðað hafi verið það lágmarksmagn sorps, sem samningurinn tiltekur.

Formaður taldi að ekki sé hægt að miða við síðasta ár, enda ekki um heilt rekstrarár að ræða. Fulltrúi Flokkun Eyjafjörður, Eiríkur Hauksson, taldi að sorpmagn úr Eyjafirði komi alltaf til með að vera undir því magni, sem samningurinn segir fyrir um, vegna aukinnar flokkunar á starfssvæði þeirra.

Fundarstjóri nefndi hvort hagkvæmt væri að endurfjármagna lán félagsins, en vextir lánsins eru vísitölubundnir, fastir vextir, 5,03%. Endurskoðandi félagsins upplýsti að lánakjörin væru bundin til 14 ára.

Ársreikningur ársins 2011 borinn upp og samþykktur.

### 4. Kosning stjórnar og endurskoðanda


Samþykkt var tillaga um óbreytta stjórn félagsins og endurskoðanda. Aðalmenn í stjórn eru Magnús B. Jónsson, Gísli Árnason og Jón Sigurðson og varamenn Ágúst Þór Bragason, Einar E. Einarsson og Jón Magnússon. Endurskoðandi var kosinn Kristján Jónasson frá KPMG. Stjórnarlaun fylgi nefndarlaunum í Sveitarfélaginu Skagafirði eins og verið hefur.

### 5. Tillaga um fjárfesingu í stækkun urðunarhólfs

Lögð fram svohljóðandi tillaga um fjárfestingu í stækkun urðunarhólfs vegna lífræns úrgangs:

Stjórn Norðurár bs. leggur til við aðalfund félagsins haldinn á Skagaströnd, 12. júlí 2012 að fjárfest verði í viðbótarurðunarhólfi sem verði sérstaklega ætlað til urðunar á sláturúrgangi og dýrahæjum.

Áætlaður kostnaður við gerð hólfsins er um 30 milljónir króna. Gert er ráð fyrir að mögulegt sé að framkvæma verkið án þess að taka langtímalán en hugsanlega verði að fjármagna það með skammtímalánum.



Gert er ráð fyrir að fjárfesting í gerð hólsins og sá aukakostnaður sem af því leiðir muni endurgreiðast á næstu 10 árum enda verði áætlað magn til urðunar í samræmi við áætlanir.

Til að vinna tíma hefur stjórn Norðurár ákveðið að setja verkið í útboðsferli með fyrirvara um samþykki aðalfundar.

Formaður kynnti tillöguna og aðdraganda þess að farið er í framkvæmdina. Tillagan samþykkt samhljóða.

## **6. Önnur mál**

Engin

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16.10  
Fundargerð ritaði Gísli Árnason